

JÓLATÓNLEIKAR



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

2009/10



Gjöf sem hljómar vel

Gjafakort Sinfóníuhljómsveitar Íslands er tilvalin jólagjöf fyrir tónlistarunnendur á öllum aldri. Tónleikaárið einkennist af mikilli fjölbreytni og því ættu allir að finna tónleika við sitt hæfi.

Gjafakortið sjálft er fallett og hefur ótakmarkaðan gildistíma.



Komdu við hjá okkur í Háskólabíói eða hafðu samband í síma **545 2500** og við aðstoðum þig með jólagleði. Einnig er hægt að senda póst á sinfonia@sinfonia.is og fá upplýsingar eða tilboð fyrir stærri pantanir. Athugið! Áskrifendur fá 10% afslátt af gjafakortum Sinfóníunnar.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Tónleikar í Háskólabíói 18. og 19. desember 2009.

Bernharður Wilkinson, hljóm sveitarstjóri
Trúðurinn Barbara, kynnir
Rannveig Marta Sarc, fiðluleikari
Sólveig Steinþórsdóttir, fiðluleikari
Páll Óskar Hjálmtýsson, sögumaður og söngvari
Graduale Nobili, kórsöngur
Jón Stefánsson, kórstjóri

JÓLATÓNLEIKAR

Leroy Anderson	Jólaforleikur
J.S. Bach	Konsert fyrir tvær fiðlur Fyrsti kaffi, Allegro
Howard Blake	Snjókarlinn
Benjamin Britten	Úr Söngvasveigi (Ceremony of Carols): Apríldögg (As Dew in Aprille) Hinn ungi sveinn (This Little Babe) Katie Buckley, harpa
Jón Ásgeirsson	Á jólanótt
Friðrik Bjarnason	Jólasveinar ganga um gólf (fjöldasöngur)
F. X. Gruber	Heims um ból (fjöldasöngur)

Á undan tónleikunum leika nemendur Helgu Steinunnar Torfadóttur, Lilju Hjaltadóttur og Þórdísar Stross úr Allegro Suzuki tónlistarskólanum í anddyri Háskólabíós.



Tónleikarnir eru hljóðritaðir og verður útvarpað á Rás 1 annan dag jóla.

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum á meðan tónleikum stendur.

FLYTJENDUR

Bernharður Wilkinson, sem stjórnar Sinfóníuhljómsveitinni í dag, fæddist á Englandi. Þegar hann var smástauli á Englandi söng hann í drengjakór í frægustu dómkirkju Englands, Westminster Abbey, en fór síðan að læra á flautu og var lengi flautuleikari við Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hann var aðstoðarstjórnandi Sinfóníunnar í nokkur ár, auk þess að stjórna m.a. Söngsveitinni Filharmóníu og Kammersveit Reykjavíkur á fjölda tónleika. Benni hefur stjórnað hljómsveitum og kórum víða um Evrópu, m.a. í St. Pétursborg í Rússlandi, en núna býr hann í Færeyjum.

Sólveig Steinþórsdóttir er fædd árið 1995. Hún hóf fiðlunám við Allegro Suzuki tónlistarskólann þriggja ára gömul og var Lilja Hjaltadóttir kennari hennar næstu níu árin. Frá haustinu 2008 hefur hún verið nemandi Guðnýjar Guðmundsdóttur, fyrst í Allegro skólanum og frá því í haust við Tónlistarskólann í Reykjavík. Sólveig hefur sótt mörg fiðlunámskeið, m.a. í Skálholti, í Kópavogi á vegum Tónlistarhátiðar unga fólksins, Bretlandi, Slóveníu, Póllandi og síðastliðið sumar var hún þátttakandi á alþjóðlegu námskeiði í Valdres í Noregi. Hún hefur spilað með Hljómsveit tónlistarskólanna, Sinfóníuhljómsveit unga fólksins, Valdres Sommersymfoni og Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Sólveig er nemandi í Hagaskóla.

Rannveig Marta Sarc, fædd 1995, hóf fiðlunám fjögurra ára gömul við Tónlistarskóla Tartini í Slóveníu undir leiðsögn Vildönu Repse. Ellefu ára gömul flutti hún til Íslands og hóf þá fiðlunám hjá Lilju Hjaltadóttur við Allegro Suzuki tónlistarskólann. Frá haustinu 2008 hefur hún verið nemandi Guðnýjar Guðmundsdóttur, fyrst í Allegro skólanum og frá því í haust við Tónlistarskólann í Reykjavík. Rannveig hefur sótt mörg fiðlunámskeið, m.a. í Skálholti, í Kópavogi á vegum Tónlistarhátiðar unga fólksins, Bretlandi og Slóveníu. Hún hefur spilað með Hljómsveit tónlistarskólanna, Sinfóníuhljómsveit unga fólksins og Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Rannveig Marta gengur í Kársnesskóla, dansar jazzballett hjá Dansskóla Jóns Péturs og Köru og syngur með Kársnesskórnum.

Páll Óskar Hjálmtýsson hóf feril sinn sem barnastjarna, hljóðritaði fyrstu plötu sína sjö ára gamall og lék í Gúmmi-Tarzan þegar hann var tólf ára. Hann kom fram í söngleiknum Rocky Horror við miklar vinsældir, söng með Milljónamæringunum, og gaf út vinsælar plötur, m.a. Stuð og Palli. Hann tók þátt í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 1997, hefur dæmt í Idol Stjörnuleit, kemur oft fram ásamt Moniku Abendroth hörpuleikara og söng í fyrsta sinn með Sinfóníuhljómsveit Íslands í lögum Gunnars Þórðarsonar fyrir á árinu. Haustið 2010 er áformað að Páll Óskar og Sinfónían leiði saman hesta sína á nýjan leik í eftirlætislögum söngvarans ástsæla.

Graduale Nobili var stofnaður haustið 2000. Kórinn er skipaður 24 ungum stúlkum, völdum úr hópi þeirra sem sungið hafa með Gradualekór Langholtskirkju. Allir kórfélagar hafa stundað eða lokið tónlistarnámi. Kórinn vakti gífurlega athygli strax og voru umsagnir gagnrýnenda eftir fyrstu sjálfstæðu tónleikana svo lofsamlegar að fátítt má telja. Kórinn hrepti annað sæti í „Evrópsku æskukórakeppninni“ í Kalundborg í Danmörku árið 2001. Kórinn gaf út geisladisk árið 2001 sem tilnefndur var til Íslensku tónlistarverðlaunanna og menningarverðlauna DV og fékk mjög lofsamlega dóma. Árið 2008 gaf kórinn út geisladiskinn „In Paradisum“ en á honum eru eingöngu íslensk verk, sum þeirra samin fyrir kórinn. Sumarið 2008 tók hann þátt í alþjóðlegu kórakeppninni í Llangollen í Wales og hrepti silfurverðlaun í flokki kammerkóra og bronsverðlaun í flokki kvennakóra. Stjórnandi kórsins hefur frá upphafi verið Jón Stefánsson.

Trúðurinn Barbara hefur verið kynnir á Tónsprotatónleikum Sinfóníunnar undanfarin ár við miklar vinsældir. Barbara hefur einnig gert garðinn frægan í sýningunum *Dauðasyndirnar* og *Litli Jesús* í Borgarleikhúsinu. Barbara kemur líka stundum fram undir nafninu Halldóra Geirharðsdóttir, og Halldóra hefur meðal annars leikið Sigurlínu í *Sölku Völku* hjá Borgarleikhúsinu, og Dollý í kvikmyndinni *Djöflaeyjan*.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Konsertinn fyrir tvær fiðlur eftir Bach var fyrst leikinn á tónleikum í Fríkirkjunni 3. mars 1932. Einleikarar voru ungversku systkinin Margarete og Georg Takacz, en Páll Ísólffsson lék á orgel. Tæpum áratug síðar heyrðist konsertinn með hljómsveitarundirleik; Þórir Jónsson og Þorvaldur Steingrímsson fluttu hann ásamt Strengjasveit Tónlistarskólans í desember 1941 undir stjórn Victors Urbancic.

JÓLATÓNAR

Hvað skyldu margir vita að Leroy Anderson – maðurinn sem samdi *Sleðaferðina* og fjöldan allann af öðrum vinsælum lögum – lærði forníslensku í háskóla og gegndi seinna herbjónustu á Keflavíkflugvelli? Anderson fæddist í Cambridge í Massachusetts árið 1908 og á námsárum sínum í Harvard var hann þegar farinn að semja tónlist og stjórna lúðrasveitum. Hann vann í Keflavík á stríðsárunum en síðan hélt hann aftur til Bandaríkjanna og varð fljótt einn vinsælasti útsetjari síns tíma. Hann lést árið 1975, en *Jólaforleikurinn* sem Sinfónían leikur í dag er saminn þegar hann var á hátindi ferils síns árið 1950. Hér bregður fyrir öllum uppáhaldsjólaögum í frísklegum hljómsveitarbúningi: Skreytum hús með greinum grænum, Bjart er yfir Betlehem, Frá ljósanna hásal og ótal mörg fleiri.

Johann Sebastian Bach var eitt mesta tónskáld barokktímans en á sinni tíð var hann betur þekktur sem einn fremsti orgelleikari heims. Hann var lengi yfirmaður tónlistar við kirkjurnar í Leipzig í Þýskalandi, en jafnvel þar var lítill áhugi á tónsmíðum hans sem þóttu skrýtnar og erfiðar; þegar Bach var boðið starfið var það aðeins eftir að tvö önnur tónskáld höfðu neitað að taka við því. Í Leipzig samdi Bach mikið af kirkjutónlist en einnig einleiksverk og konserta, sem eru tónverk þar sem einleikari – einn eða fleiri – á eins konar samtal við hljómsveitina. Í konsertinum fyrir tvær fiðlur leika einleikshljóðfærin hálfgerðan þrautakóng: fyrst byrjar önnur fiðlan og hin hermir eftir, og síðan skipta þær um hlutverk!

Howard Blake er enskt tónskáld sem hefur samið kynstrin öll af tónlist – píanókonsert, fiðlukonsert, kórverk og margt fleira. Hann er þó aðallega frægur fyrir að hafa samið tónlist við teiknimyndina Snjókarlinn árið 1982. Myndin er byggð á sögu eftir Raymond Briggs og hefur náð gifurlegum vinsældum; nú er til dæmis bæði búið að gera úr henni ballett og leikrit í fullri lengd! Sagan segir frá ungum pilti sem eyðir heilum degi í að gera hinn fullkomna snjókarl. En þegar hann á að fara í háttinn nær eftirvæntingin tókum á honum og hann gægist út um gluggann til að sjá hvort allt sé í lagi. Á miðnætti gerast undrin: skyndilega vaknar snjókarlinn til lífsins! Strákurinn sýnir honum heimili sitt og síðan fer snjókarlinn með hann í flugferð um loftin blá. Þeir ferðast alla nóttina, en þegar birtir þurfa þeir að flýta sér heim, enda er kominn jóladagsmorgunn!

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

A Ceremony of Carols eftir Britten hljómaði fyrst á Íslandi í flutningi kóranna Lilju og Kammerkórsins, undir stjórn Ruth L. Magnússon í Háteigskirkju skömmu fyrir jól 1967. Upprunaleg gerð verksins fyrir barnakór var fyrst sungin hér á landi á tónleikum Skólakórs Garðabæjar 27. desember 1979. Guðfinna Dóra Ólafsdóttir stjórnaði kórnum en meðal einsöngvara var ellefu ára stúlka að nafni Sigrún Eðvaldsdóttir, sem nú er konsertmeistari SÍ.

Benjamin Britten var breskt tónskáld sem lifði á 20. öld. Hann var mikill friðarsinni og þegar Evrópa rambaði á barmi síðari heimsstyrjaldarinnar sigldi hann til Bandaríkjanna. Í miðju stríði snerist honum hugur og hann ákvað að halda heim á leið; í mars 1942 sigldi hann með sænsku fraktskipi og tók ferðalagið heilar fimm vikur. Hann hafði ætlað að semja verk handa klarínettusnillingnum Benny Goodman á siglingunni en tollverðir gerðu handrit hans upptækt; þeir héldu að nóturnar væru leynilegt njósnamál. Svo heppilega vildi til að Britten hafði með sér bók með enskum miðaldaljóðum og ákvað að semja við þau lítið verk fyrir barnaraddir og hörpu, hugleiðingar um jólin og fæðingu frelsarans sem ber nafnið *Ceremony of Carols*. Verkið nýtur mikilla vinsælda og á tónleikunum í dag syngja *Graduale Nobili* tvo þætti úr því við undirleik hörpuleikara SÍ.

Jón Ásgeirsson er eitt þekktasta tónskáld Íslands og hefur samið margar perlor sem lifa á vörum þjóðarinnar. Líklega er *Maístjarnan* þekktasta lag hans, og svo útsetti hann líka þjóðlagið vinsæla *Augun mín og augun þín*. Árið 1987 tók Ríkisútvarpið fyrst þátt í samstarfi um jólalög útvarpsstöðvanna á vegum Sambands evrópskra útvarpsstöðva (EBU). Þá var Jón Ásgeirsson fenginn til að semja fyrsta jólalag útvarpsins, *Á jólanótt*, við ljóð Gunnars Dal. Síðan hefur það verið nær árviss viðburður að nýtt íslenskt jólalag er frumflutt í hádegisútvarpi á jóladag og hafa margar gullfallegar jólaperlur þannig lítið dagsins ljós.

Á jólanótt

Hver blundar svona blítt í húmi nætur?
Ó, barnið mitt þú sefur vært og rótt,
því Drottinn sjálfur litla hvarma lætur
lokast í hljóðum draumi þessa nótt.
Og hjá þér stendur Jesúbarnið bjarta
og brosir til þín litli vinur minn,
því auðmýktin sem er í þínu hjarta
hún opnað getur sjálfan himininn.

Þig dreymir barn mitt blika' í norðurljósum
svo bláar stjörnur næturhimni frá.
Það fellur niður regn af hvítum rósum
á rúðu litla stokknum þínum hjá.
Í dýrð sem aðeins draumalönd þín geyma,
þar drottning næturinnar hljóðlát fer
og opnar hulda ævintýra heima,
sem aðeins voru byggðir handa þér.

Hún kemur til þín, hvítar rósir anga
og krýpur engilbjört við stokkinn þinn.
Hún þrýstir mjúkum koss á munn og vanga
og mildar hendur strjúka þér um kinn.
Hún hvíslar að þér: Hvíl í örmum mínum,
að kynjaströndum nýjum þig ég ber.
Ó, barn mitt góða, gleym ei draumum þínum,
geym ævintýrið vel í hjarta þér.

Íslendingar eiga ótal vísur um jólasveina sem varðveittust mann fram af manni hjá forfedrum okkar í mörg hundruð ár. Ein þeirra var fyrst skrifuð upp á Hornströndum á miðri 19. öld; önnur birtist fyrst í Þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar árið 1864. Tónskáldið Friðrik Bjarnason samdi lagið við þessar kunnu vísur sem hvert mannsbarn á Íslandi þekkir.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur flutt Snjókarlinn fjórum sinnum áður, síðast árið 2003 þegar Atli Rafn Sigurðarson var sögumaður. Íslensku þýðinguna gerði Þórarinn Eldjárn, en auk þess flytur Páll Óskar í þetta sinn söngtexta Karls Olgeirssonar, Himinganga. Páll Óskar og Monika Abendroth hafa flutt lagið margoft við þennan texta, og það er að finna á jóladiski þeirra frá árinu 2003.

Jólasveinar ganga um gólf
með gylltan staf í hendi.
Móðir þeirra sópar gólf
og flengir þá með vendi.

Upp á stól
stendur mín kanna;
níu nóttum fyrir jól,
þá kem ég til manna.

Heims um ból er án efa vinsælasta jólalag allra tíma. Það varð til á örskammri stund á jólum 1818, í smábænum Oberndorf í Austurríki. Þar er kirkja sem heitir Nikulásarkirkjan. Prestinn þar, Jósef Mohr, langaði til að láta syngja nýtt lag í kirkjunni á aðfangadagskvöld. Hann mundi eftir kvæði sem hann hafði sjálfur ort tveimur árum áður, og bað organistann og vin sinn Franz Xaver Gruber um að semja lag sem hægt væri að syngja við gítarundirleik. Gruber brást fljótt og vel við beiðninni og þeir tveir fluttu lagið í fyrsta sinn nokkrum klukkustundum síðar! Íslenska þýðingin er eftir Sveinbjörn Egilsson, sem var rektor Menntaskólans í Reykjavík um miðja 19. öld.

Heims um ból, helg eru jól,
signuð mær son Guðs ól,
frelsun mannanna, frelsisins lind,
frumglæði ljóssins, en gjörvöll mannkind
∴ meinvill í myrkrunum lá ∴

Heimi í hátíð er ný,
himneskt ljós lýsir ský,
ligger í jötunni lávarður heims,
lifandi brunnur hins andlega seims,
∴ konungur lífs vors og ljóss ∴

Heyra má himnum í frá
englasöng: Allelújá.
Friður á jörðu því faðirinn er
fús þeim að líkna, sem tilreiðir sér
∴ samastað syninum hjá ∴

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM 18. OG 19. DESEMBER 2009

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Sif Tulinius
Zbigniew Dubik
Margrét Kristjánsdóttir
Mark Reedman
Sigríður Hrafnkelsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Martin Frewer
Olga Björk Ólafsdóttir
Rósa Guðmundsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. fiðla

Greta Guðnadóttir
Ari Þór Vilhjálmsson
Ólöf Þorvarðsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Roland Hartwell
Christian Diethard
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Pálína Árnadóttir
Kristján Matthíasson

Vióla

Helga Þórarinsdóttir
Þórunn Ósk Marinósdóttir
Kathryn Harrison
Sarah Buckley
Guðrún Þórarinsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Svava Bernharðsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir

Selló

Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurgeir Agnarsson
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Lovisa Fjeldsted
Inga Rós Ingólfssdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir

Bassi

Páll Hannesson
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Kristjana Helgadóttir

Óbó

Daði Kolbeinsson
Matthias Nardeau

Klarinett

Einar Jóhannesson
Sigurður I. Snorrason

Fagott

Rúnar Vilbergsson
Hafsteinn Guðmundsson

Horn

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Þorkell Jónelsson
Lilja Valdimarsdóttir

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinnsson

Básúna

Oddur Björnsson
Jessica Buzbee
Jón Halldór Finnsson, bassabásúna

Túba

Tim Buzbee

Harpa

Katie Buckley

Píanó

Anna Guðný Guðmundsdóttir

Celesta

Valgerður Andrésdóttir

Pákur

Eggert Pálsson

Slagverk

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson

samstarfsaðilar



Notalegt jólahlaðborð í Skrúði í hádeginu og á kvöldin

ÞAFB TBWA - SÍA - 92324

Í Skrúði er indælt að setjast niður með góðum vinum
og njóta ljúffengra jólakræsinga í hádeginu eða á kvöldin.

Jólabrunch alla sunnudaga í desember.

*Skrúður er vinalægur staður, bókaðu núna
á hotelsaga@hotelsaga.is eða í síma 525 9900.*

Skrúður
bistro • restaurant • bar

Skrúður / Radisson SAS Hótel Saga / Sími: 525 9900 / www.skrudur.is

Heimsókn í dýragarðinn



LITLI TÓNSPROTINN

Lau. 06.02.10 » 14:00

- **Camille Saint-Saëns:** *Karníval dýranna*
- **Francis Poulenc:** *Sagan affilnum Babar*

Öllum krökkum finnst gaman að fara í dýragarðinn og nú breytum við Háskólabíói í einn slíkan á fjölskyldutónleikum. **Örn Árnason** leiðir okkur í gegnum töfraheim dýranna, fyrst með völdum köflum úr hinu bráðskemmtilega Karnívali dýranna eftir Saint-Saëns. Þar sjáum við meðal annars svaninn fagra, skjaldbökur og fiskabúr. Fíllinn Babar lendir líka í ýmsum ævintýrum og tónlistin er bæði litrík og skemmtileg.

Miðaverð: 1.700 kr.

Tryggðu þér miða á www.sinfonia.is
eða í síma 545 2500

*Allir krakkar eru beðnir að koma í
dýrabúningum eða með uppáhalds
dýrið sitt á tónleikana!*

